

Hverfisráð Hríseyjar

62. fundur

Þriðjudaginn 12. September 2012 klukkan 13:30 kom Hverfisráð saman til fundar. Fundurinn var haldinn í Hlein.

Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Júlíus Freyr Theódórsson.

Dagskrá:

1. Erindi frá eigendum Háholts (Stebbahúss við Norðurveg) vegna mikillar bílaumferðar í eyjunni, sérstaklega við Norðurveg. Íbúar vilja sjá breytingar og leggja til að gatan verði lokuð eða settar hraðahindanir.
Ráðið ræddi áhyggjur af umferðamenningu í eyjunni, lausum börnum í bílum og jafnvel kornabörn undir stýri og farþegaflutingar á dráttarvélum.
Útbúin verður yfirlýsing og send áskorun á íbúa og gesti eyjarinnar að virða umferðalög og reglur. Bréfið verður sent á bæjarstjórn og lögregluna á Dalvík.
2. Fjárhagsáætlun er í vinnslu hjá bænum. Ráðið vill koma til bæjarstjórnar óskum um framkvæmdir á næstu áætlun:
 - Frágangur við gámasvæði.
 - Frágangur við grendarstöðvar.
 - Gróðursetning á hátíðarsvæði.
 - Endurhönnun á blómaskreytingum við götur bæjarins. (Balarnir margir orðnir lélegir og ljótir.)
 - Hellulögn vantar við styttuna af Hákarla Jörundi.
 - Rafmagn á tjaldstæðið.
 - Ruslafötur víðar um þorpið t.d. við Íþróttamiðstöð.
 - Bekki víðar um þorðið og á gönguleiðum.
 - Viðhald á Austurvegi þaðan sem hellulögnin endar.
 - Götulýsing er víða léleg t.d. við Hafnargötu, Sjávargötu og Ægisgötu og við göngustíga.
 - Tiltekt og frágangur við Áhaldahús.
3. Sundlaugarmál rædd. Mjög góð aðsókn var í laugina í sumar og mikil ánægja með það. Nú er rétti tíminn til að ræða breytingar á opnunartíma fyrir hátíðar við forstöðumann.
4. Ráðið vill hvetja íbúa og eigendur húsa í eyjunni að huga að útiljósum og lýsingu við hús sín.
5. Ætlum að minna símann á okkur og að vilji sé á því að bæta netsamband í eyjunni.
6. Ábending til Hafnarsamlagsins um að neyðarstigir við smábátabryggjuna séu ekki nógu langir.

7. Nú eru tvö ár síðan heilsugæslan lokaði og við erum farin að verða vör við það sem við óttuðumst að eldri borgarar eyjarinnar fara ekki til Dalvíkur og sækja sér lækniþjónustu sem nauðsynleg er. Við teljum mikla þörf á að koma aftur á föstum heimsóknum læknis í eyjunna og að heilsugæslumál hér verði skoðuð alvarlega.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00

Ingimar Ragnarsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Júlíus Freyr Theódórsson

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur